

8. gr.

Eigendur katta skulu sæta skriflegri áminningu fyrir brot á samþykkt þessari. Hlutað-eigandi sveitarstjórn er heimilt að banna eða takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skriflegar kvartanir um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannanlega valdur að.

9. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af öllum sveitarstjórnnum á Suðurnesjum staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 29. júní 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðanna Ögurás 2 og 4 í Garðabæ. Hið nýja deiliskipulag lóðanna felst í því, að byggingarreitur hefur verið stækkaður á báðum lóðunum. Skipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 30. júní 1999.

Eiríkur Bjarnason bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

Vættaborgir, Borgarskóli.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 12. janúar 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Borgarhverfis í Grafarvogi frá 7. nóvember 1995.

Deiliskipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Öskjuhlíð, deiliskipulag.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 1. júní 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir Öskjuhlíð.

Deiliskipulagsupprátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 30. júní 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.